




Einhverfuráðgjöf

Auglýsing um námskeið

## CAT-kassinn og CAT-appið



Námskeið í **Meningarmiðstöðinni Gerðubergi**,  
Gerðubergi 3-5, 111 Reykjavík

**föstudaginn 9. mars 2018, kl. 9:00-15:30**

### **Fræðsla um notkun CAT-kassans Myndbönd með dæmum um notkun Þjálfun í að nota gögn CAT-kassans Kynning á CAT-vef appinu**

Kennarar:

Ásgerður Ólafsdóttir, sérkennari og einhverfuráðgjafi og  
Sigrún Hjartardóttir, leikskólasérkennari og einhverfuráðgjafi

CAT-kassinn kom út í íslenskri þýðingu þeirra tveggja í júní 2005. Hægt er að panta  
CAT-kassann af heimasíðu CAT: [www.cat-kit.com](http://www.cat-kit.com).

CAT-appið er aðgengilegt á heimasíðu CAT.

Námskeiðsgjald: kr. 25.000. Afsláttur er veittur til foreldra einhverfra barna.  
Innifalið: Léttur hádegisverður, kaffi og meðlæti, námskeiðgögn.

Skráning: [asgol@icloud.com](mailto:asgol@icloud.com) eða [sighjart@ismennt.is](mailto:sighjart@ismennt.is)

Við skráningu þarf að taka fram **nafn, kennitölu og heimilisfang greiðanda**.  
Einnig er gagnlegt að þátttakendur taki fram hvar þeir starfa. Skráning þarf að fara  
fram sem fyrst, í síðasta lagi viku fyrir námskeið. Greiðsluseðlar verða sendir  
nokkrum dögum fyrir námskeiðið.

# CAT-kassinn (Cognitive Affective Training)

## Hugræn tilfinningaleg þjálfun

**CAT-kassinn** er sérstaklega þróaður til að auðvelda samræður við börn og ungmenni. Markmiðið með notkun **CAT-kassans** er að styðja samræður við börn og ungmenni frá 6 ára aldri sem eiga í erfiðleikum með að tjá sig beint um tilfinningar, hugsanir og upplifanir. Bæði foreldrar og fagfólk geta notað **CAT-kassann** á áhrifaríkan hátt í daglegum samræðum við börn. Notkun **CAT-kassans** hvetur bæði börn og fullorðna til umhugsunar meðan samtalið á sér stað og lifandi útlit CAT-gagnanna virkar hvetjandi á samræðurnar. **CAT-kassinn** er upphaflega þróaður til að styðja samtöl við börn með raskanir á einhverfurófi. Reynslan hefur síðan leitt í ljós að börn með eðlilegan þroska sem eiga í ýmsum erfiðleikum geta einnig haft gagn af **CAT-kassanum**.

**CAT-kassinn** er einstakur að gerð. Hann er hvorki spil né próf, þó svo hægt sé að nota hann til að athuga sjálfsupplifun og sjálfsmynd barna. **CAT-kassinn** er einfaldlega tæki til notkunar í samræðum, samsett af fjölda gagna sem hægt er að nota hvert í sínu lagi eða fleiri saman.

---

### CAT-kassanum fylgir:

- **CAT-líkan** sem getur komið að gagni við að byggja upp samtalið.
- **Mælir**, einksonar hitamælir eða loftþrýstimælir, sem mælir styrkleika tilfinninga á mælikvarðanum 0 – 10.
- **9 grunntilfinningar** sem hægt er að tjá með **90 tilfinningaorðum og 90 andlitum** sem eiga við. Einnig fylgja auð spjöld þar sem hægt er að skrifa sín eigin tilfinningaorð og líkamsorð á.
- **Líkaminn** til að ræða um líkamsástand og tilfinningar tengdar líkamanum.
- **Hringirnir mínir** sem meðal annars eru notaðir í samræðum um félagsleg tengsl, áhugamál og vináttu.
- **Hegðunarspjald** þar sem fjórar tegundir hegðunar; til fyrirmyndar, hlutlaus, sjálfhverf og árásargjarn eru settar fram í litum og hlutverkaleikjum.
- **Skipulagstöflur:**
  - **Tímatöflur** yfir **sólarhringinn, vikuna og árið. Hjólið.**
- **Límniðasett fyrir CAT-bækurnar**
  - tilfinningabók, dagbók, hrósbók og áhugabók.
- **Plastörk** með myndum af öllum **90 andlitunum** sem hægt er að ljósrita, klippa út og líma í bækurnar
- **Handbók** – þar sem fjallað er um notkun CAT-kassans á einfaldan og hagnýtan hátt.


## Um höfundana

**Annette Møller Nielsen og Kirsten Callesen** eru báðar starfandi klínískir sálfræðingar í Danmörku.

**Dr. Tony Attwood Ph.D.** er starfandi sálfræðingur í Brisbane í Ástralíu og prófessor í sálfræði.

**CAT-vef appið** er nú aðgengilegt á heimasíðu CAT og það hefur nú verið þýtt á íslensku. Eins árs aðgangur að CAT-appinu kostar 300 danskar krónur. Áskrifendur hafa einnig aðgang að appinu á Norðurlandamálum, ensku og þýsku.

Á Facebooksíðu CAT (CAT-kit) má sjá mörg dæmi um notkunarmöguleika appsins. Þó dæmin séu þar á dönsku, sýna þau vel hinar ýmsu aðgerðir. Öll gögn CAT-kassans er að finna í appinu en þeim til viðbótar eru ýmsir nýir spennandi möguleikar. Hægt er þar að velja um tvær tegundir andlita, setja inn ljósmyndir, teikna, skrifa og prenta út. Allar aðgerðir vistast sjálfkrafa og kennari sem er með áskrift, getur verið með svæði fyrir sína nemendur í appinu. Þá geta foreldrar einnig gerst áskrifendur og notað appið með börnum sínum heima.



 **CAT-Kit bætti við 4 nýjar myndir.**  
23. ágúst kl. 22:19 • €

Forældre anmeldelse af KAT WEBAPP



Nánari upplýsingar um CAT-kassann eru á heimasíðunni [www.cat-kit.com](http://www.cat-kit.com) . Á Facebooksíðu CAT (CAT-Kit), má sjá fjölmörg dæmi um notkun CAT-appsins.